

1. Tilgangur og umfang

Tilgangur verklagsreglunnar er að lýsa verklagi við veitingu aðgangsheimilda að raforkuvirkjum Veitna og tryggja að einungis réttir aðilar hafi aðgang að þeim.

2. Ábyrgðarskipting

Sérfræðingur í rekstri og öryggi rafveitu skipuleggur aðgengismál, veitir aðgangsheimildir og viðheldur lykla- og aðgangskortaskrá, heldur utan um aðgangsheimildir og vinnur úr frávikum frá skilgreindum aðgangsheimildum.

Aðgangshafi ber ábyrgð á vörslu lykils og aðgangskorts.

3. Lýsing

3.1 Skipulagning

Sérfræðingur í rekstri og öryggi rafveitu skilgreinir hættu við raforkuvirki, skiptir þeim upp í öryggissvæði og metur aðgengi m.t.t. hæfniskrafna til kunnáttumanna sbr. [LBV-240](#) og [LBV-019](#) Aðgangsheimildir. Sérfræðingur í rekstri og öryggi rafveitu uppfærir lista yfir kunnáttumenn, í [aðgengis og lyklaskrá Veitna](#)

Sérfræðingur í rekstri og öryggi rafveitu yfirfer breytingar á skilgreindri aðgengispörf.

Sérfræðingur í rekstri og öryggi rafveitu fer yfir listann árlega og upplýsir ábyrgðamann um réttmæti lista og þörf fyrir breytingar.

Sérfræðingur í rekstri og öryggi rafveitu skipuleggur lyklakerfi sem tekur mið af skipulagi öryggissvæða, heldur utan um aukalykla og útvegar nýja þegar þörf er á. (Með aukalyklum er átt við lykla sem ekki hefur verið úthlutað og lykla sem hefur verið skilað)

3.2 Aðgangsheimild

Ábyrgðarmaður rafmagns metur hæfi starfsfólks til að fá aðgang að raforkuvirkjum Veitna. Sérfræðingur í rekstri og öryggi rafveitu veitir aðilum skriflega aðgangsheimild ([EBV-016](#)) og skilgreinir takmarkanir á aðgangi ef einhverjar eru. Árituð eyðublöð eru vistuð í skjalakerfi OR, Lindinni. Hann kynnir viðkomandi þær reglur sem um aðgengi gilda og afhenda aðgangshafa lykil og/eða aðgangskort til umráða. Hann viðheldur [aðgengis og lyklaskrá](#) yfir þá aðila sem hafa aðgang að raforkuvirkjum Veitna. Skráin er uppfærð þegar nýr lykill er afhentur eða þegar lykli er skilað.

Sérfræðingur í rekstri og öryggi rafveitu getur heimilað utanaðkomandi aðilum tímabundinn aðgang að raforkuvirkjum vegna framkvæmda við virki, uppfylli viðkomandi hæfniskröfur (t.d. kunnáttumönnum frá faggiltum aðilum eða öðrum þeim, sem uppfylla sambærilegar hæfniskröfur og gerðar eru til starfsfólks Veitna). Í þeim tilvikum er nauðsynlegt að gera stjórnstöð viðvart.

Aðgangshafi staðfestir móttöku lykils og/eða aðgangskorts ([EBV-016](#)), hann gætir þess að umgengni um virki sé með þeim hætti að ekki stafi hætta af. Móttökustaðfestingar eru geymdar í [aðgengis og lyklaskrá](#) veitna og á svæði í [lindinni](#)

3.3 Varsla lykla og aðgangskorta

Aðgangshafi ber ábyrgð á vörslu lykils og/eða aðgangskorts og ber að tilkynna Sérfræðing í rekstri og öryggi rafveitu tafarlaust ef lykill eða aðgangskort glatast. Aðgangshafi afhendir Sérfræðingur í rekstri og öryggi rafveitu lykil og/eða aðgangskort þegar hann hættir í starfi hjá Veitum sem krefst aðgangs að raforkuvirkjum, þegar tímabundin aðgangsheimild rennur út eða skilgreindum framkvæmdum lýkur. Vöktun á skilum á lyklum fer fram eftir að borist hefur tilkynning úr HRESS um starfslok og er þá skoðað hvort lykli hafi verið skilað. Á 6 mánaða fresti er lyklaskrá yfirfarin og tryggt að öllum lyklum þar sem aðgangsheimildir eru útrunnar hafi verið skilað eða afdrif þeirra staðfest.

Sérfræðingur í rekstri og öryggi rafveitu staðfestir móttöku lykils og/eða aðgangskorts eða önnur afdrif hans á ([EBV-016](#)) og tekur aðgangshafa af skrá þegar lykli og/eða aðgangskorti hefur verið skilað inn. Úthlutun og umjón með aðgangskóðum er í höndum ábyrgðarmanns rafmagns hjá Veitum.

3.4 Sérstakt aðgengi að dreifstöðvum

Í einstaka tilfellum þarf að fara í gegnum ytri dyr til að komast að aðaldyrum raforkuvirkis. Slíkar aðstæður eru skráðar á sérstakt aðgengisskjal sem vistað er í Lindinni og viðhaldið af hópstjóra þjónustuvaktar eftir upplýsingum

frá umsjónarmanni dreifistöðva. Nýjasta útgáfa af skjalinu og sérlyklar af ytri dyrum eru varðveitt í sérstökum lyklaskáp á Kerfispróun og stýringu.

3.5 Frávik

Sérfræðingur í rekstri og öryggi rafveitu getur afturkallað aðgangsheimild og innkallað lykil og/eða aðgangskort fari aðgangshafi ekki að settum reglum sem fram koma á eyðublaði [EBV-016](#).

Sérfræðingur í rekstri og öryggi rafveitu leysir úr frávikum sem upp kunna að koma vegna aðgangsmála og hefur samráð við RÖN ef aðstæður krefjast.

4. Tilvísanir

Skjöl:

[LBV-240](#); Skilgreining kunnáttumanna.

[LBV-019](#); Aðgangsheimildir Veitna.

[EBV-016](#); Skrifleg heimild aðgengis

Gæðaskrá:

[Aðgengis og lyklaskrá Veitna](#)